

Skólaráðsfundur mánudaginn 18.maí

Fundurinn var opinn og mættir voru 25 einstaklingar

- Söngkeppnin gekk mjög vel.
- **Skólastarfið framundan**, fjölmeningarhátíðin heppnaðist frábærlega vel. Búið að samþykkja skóladagatalið okkar fyrir næsta skólaár. Búið að segja upp þrifum á skólanum (Hreint), nú er verið að skoða tilboð frá öðrum fyrirtækjum. Vinnumat kennara, töluverð vinna sem fer í útfærslu á samningnum og eru kennarar og stjórnendur að vinna í þessu núna. Góð og gagnleg vinna sem gott er að fara í gegnum. Á útikennsludögum verður áhersla á umhverfismennt. Vorskóli verðandi nemenda í 1.bekk verður 27.maí. Valgreinar fyrir næsta skólaár kynntar, 8.bekkur velur 2 stundir, 9. og 10. bekkur velur 8 stundir. Auglýst hefur verið eftir starfsfóki fyrir næsta skólaár, textilkennari, skólaliðar, umsjónakennarar á yngsta stig, forstöðumaður dægradvalar og starfsmenn í dægradvöl. Ákveðið að sameina ekki árganga. Nemendafjöldi næsta skólaár eru 363, eru nú 346. Ragna Klara ætalr í leyfi næsta skólaár, Jónas stærðfræðikennari ætlar að snúa sér að öðru störfum. Ásta Sigga færir sig um set og fer á leikskóla. Lilja textílkennari snýr sér að móðurhlutverkinu, skólaliðarnir Guðrún og Sigrún snúa sér að öðrum verkefnum. Ekki búið að raða kennurum endanlega á bekki en erum á lokametrinum.
- Í sumar verður farið í framkvæmdir á miðrýminu, flísarnar teknar og steinteppi lágt á. Einhverjar kennslustofur verða málaðar. Húsvörður og skólastjóri hafa verið að funda með fulltrúum frá Öryggismiðstöðinni og í skoðun er að fjölga skynjurum.
- Smíðavellir hefjast hér á lóðinni fljótlega í júní. Síamótið verður á sínum stað í sumar. Fáum nýjan sófa í miðrýmið, helst í næstu viku.
- Hópur kennara, foreldra og nemenda hittist í síðustu viku ásamt Gylfa Dalmann og unnu saman að hugmyndum um bætt skólastarf. Niðurstöður fara svo inn á borð teymisins sem vinnur að innra mati skólans og myndar úrbótaáætlun sem unnið verður eftir á næsta ári.

- Eineltisáætlun skólans hefur verið í endurskoðun og verður send fulltrúum skólaráðs í næstu viku.
- Sumardvöl verður í boði fyrir verðandi 1.bekk frá 10. ágúst og skráning fer í gegnum íbúagátt Kópavogsbæjar.
- Verið er að vinna Lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar og í maí verður kynningarfundur fyrir allar stofnanir bæjarins.
- Fjárhagsstaða miðað við áætlun fyrstu þrjú mánuði ársins er 99,9% innan áætlunar (sjá meðfylgjandi).
- Spjaldtölvurnar – Björn Gunnlaugsson hefur boðað til fundar með bekkjarfulltrúum í 4.-8.bekk til að ræða um fyrirhugaða spjaldtölvuvæðingu í grunnskólum Kópavogs í fyrramálið. Í haust fá nemendur í 8. og 9.bekk spjaldtölvur. Kennarar fá tækin í hendur nú í júní. Ráðnir hafa verið þrír kennsluráðgjafar sem koma til með að starfa með skólunum. Smáraskóli hefur myndað fimm kennara teymi og haldin hafa verið „örnámskeið“ fyrir kennara. Einnig hafa kennarar sótt heils dags námskeið á Keili.
- Skólinn sótti um Erasmus styrk en fékk neitun, það ver ekki gaman.
- Breytingar og framkvæmdir við götur skólans og bílastæði Sporthúsins, Björg sýndi mynd af þessum breytingum sem hafist verður handa við fljótlega eftir skólalok. Er bílastæðið fyrir fatlaða kannski á röngum stað, ætti að vera nær rennihurðinni?
- Björg sagði frá nemendum í 5.bekk sem komu til hennar með erindi, að brettapallarnir væru of nálægt fótboltavellinum og vildu láta færa pallana, stórir strákar sem eru á pallinum eru oft að trufla þá sem yngri eru á fótboltavellinum. Björg og strákarnir sömdu bréf sem hún sendi til bæjaryfirvalda í bænum. Vantar ruslatunnu á svæðið við brettapallana, þar er oft mjög mikið rusl. Yngri börn hafa orðið fyrir áreiti frá unglíngum sem eru á brettapallinum. Ákveðið að senda ályktun til bæjaryfirvalda af fundinum um þetta mál, líka að hafa samband við lögregluna.

Fundarritari var Sigrún Snædal Logadóttir